

September

Pési

164 tbl. 13. Árgangur sept. 2003
Útgefandi Hrunamannahreppur.
Ritstj. Svanhildur Pétursdóttir
Sími: 486-6617 . Hs. 4863410
GSM.869-3094
E-mail hruni@mmedia.is

Nú er það "rétt" Pésinn, sem berst ykkur lesendur góðir. Frekar er hann nú þunnur í roðinu, enda hauststörf hafin og fólk annað að gera en sitja við skriftir, en vonandi taka einhverjir við sér og senda inn efni fyrir næsta Pésa. Í október er Pésinn svo væntanlegur 15. okt og skilafrestur á efni er til 11. okt.

Ritstjóri

**Frá Versluninni Strax Flúðum.
Vetraropnun**

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Á réttardaginn 12.sept er opið frá 13:00-19:00

Til sölu.

**Til sölu notuð bílskúrshurð með öllu.
Upplýsingar hjá Pálmari í síma 892-2370**

**VÖNDULL ehf.-
FLUTNINGAÞJÓNUSTA**

**Daglegar ferðir REYKJAVÍK –
FLÚÐIR og nágr.**

Vöruafgreiðsla í Rvk.,

AÐALFLUTNINGAR ehf.

Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

Brottför frá Reykjavík:

mánud- föstud. kl. 16.00

Nánari upplýsingar Jóh. Unnar Guðmundsson

Sími: 898-3741 Högnastíg 1, Flúðum.

Frá sundlauginni Flúðum.

Opnunartími:

Mánudaga – fimmtudaga	18:00 – 22:00
Föstudaga	17:00 – 21:30
Laugard og sunnudaga	13:00 – 18:00

Frá Íþróttahúsinu á Flúðum.

Opnunartími í tækjasal:

Mánudaga – fimmtudaga	17:00 – 22:00
Föstudaga	17:00 – 21:00
Laugardaga	LOKAÐ
Sunnudaga	14:00 – 21:00

ATH! Húsið er lokað á réttardaginn 12.sept.

VIOLA - snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsbað

Húðhreinsun

Litun og plokkun

Handsnyrting

Fótsnyrting

Föræun

Vaxmeðferðir

Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana

19.sept 3. okt

og 17. okt

Pantið tímanlega.

Tímapantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi 823-8326 og 899-9665.

Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

***Tímapantanir í síma 566-8342
og 897-3741(HÍF)***

Mig vantar lítinn ísskáp

Upplýsingar í síma 8663308

Frá Útlaganum!!!

SIXTIES Á RÉTTARBALLI
FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ 12. SEPT..
Opið verður frá hádegi á réttardaginn.

Atvinna!!!!

Hótel Flúðir óska eftir að ráða herbergisþernur sem allra fyrst. Upplýsingar gefur Margrét í síma 486-6630.

Frá Félagi eldri Hrunamanna.

Ágætu heldri Hrunamenn.

Senn fer að líða að vetrarstarfi.

Starfsemin verður með líku sniði og undanfarin ár.

Það er von okkar að allir mæti hressir og kátir, og æskilegt væri að fleiri kæmu í bókbandið..

Fyrsti föndurdagur verður 7. október

og fyrsta opna húsið þann 9. október.

Vonumst til að sjá sem flesta

Kær kveðja
Stjórnin.

FLÚÐALEIÐ ehf.

Vöruflutningar

ferðaáætlun

þriðjudaga -miðvikudaga- fimmtudaga -
föstudaga

Brottför kl 15:00 frá VM-Flytjandi

Klettagörðum 15, Reykjavík.

Frá Húsasmiðjunni á Selfossi kl: 16:00

Pálmár: 892-2370

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: fludal@binet.is

Flytjandi

- á réttri leið

Göngur og réttir

Á fundi landbúnaðarnefndarnefndar þann 25. ágúst s.l. var jafnað niður leitum á þá sauðfjárbændur sem nýta afréttinn.

Fjallskil eru því eftirfarandi:

Auðsholt IV	2 norðurleitir, 2 suðurleitir, 3 eftirsöfn, trúss í eftirsafn og fjallkóngur
Bjarg	1 suðurleit
Bryðjuholt	1 suðurleit
Birtingarholt	1 suðurleit
Grafarbakki	1 norðurleit, 1 suðurleit, trúss í norður- og suðurleit.
Hrafnkelsstaðir	3 norðurleitir, 1 suðurleit og kokkur í suðurleit
Hrepphólar	5 suðurleitir og 1 eftirsafn
Ísabakki	4 suðurleitir og 1 eftirsafn
Miðfell	1 norðurleit og 2 suðurleitir
Skipholt III	3 eftirsöfn
Syðra-Langholt	4 suðurleitir

Fjallkóngur er Steinar Halldórsson. Fjallskilasjóður útvegar hey og verður með heitan kvöldmat fyrir allar leitir. Suðurleit mætir á Kaldbak laugardaginn 6. september kl. 12.30 og þeir sem aðrar leiðir fara ætli sér sama tíma. Ætlast er til að fjallmenn komi farangri sínum á viðkomandi trússara; norðurleit til Eiríks og suðurleit til Emils á Grafarbakka. Jafnframt er mælt til að skráinur, pokar og töskur verði vel merktar.

Hrunaréttir hefjast kl. 9.00 föstudaginn 12. september.

Fé úr Skeiða- og Tungnaréttum verður réttað í Hrunarétt laugardaginn 13. september kl. 16.00.

Eftirsafn leggur af stað föstudaginn 19. september.

Heiðarsmölun verður sunnudaginn 21. september.

Skilaréttir verða laugardaginn 27. september kl. 14.00.

Af gefnu tilefni vill landbúnaðarnefnd minna á að lögum samkvæmt eiga allir landeigendur að smala sín heimalönd. Þeirri smölun skal lokið fyrir skilaréttir, 27. september.

Landbúnaðarnefnd og fjallkóngur.

Ábendingar til sauðfjárbænda varðandi sóttvarnir í smalamenskum og réttum í haust.

Við smalamennsku á afréttinum verða viðhafðar sérstakar varúðarráðstafanir til að forðast að hugsanlega veikar kindur smíti aðrar. Jafnframt verður fé sem kemst í nána snertingu við veikar kindur merkt, þannig að eigandinn getur slátrað þeim kindum. Allt fé sem sett er á kerrur verður því merkt, **uppgafið fé með bláu striki á bak en veikt fé með rauðum krossi á bak**. Þessar kindur verða skoðaðar af dýralækni um leið og til byggða er komið. Úr Tungnaréttum verður eftir sem áður merkt með rauðu í krúnu.

Allt fé sem kemur úr eftirsafni verður merkt með bláu í krúnu. Bændur eru því beðnir um að nota ekki sömu merkingar. Jafnframt er minnt á að ókunnugt fé sem kemur fyrir í heimaslamamenskum skal tafarlaust tekið sér og **eigandi látinn vita strax, þannig að hann geti sótt sitt fé**. Af fé sem gengur í heimahögum er talin meiri smithætta en af fé sem gengur í afrétti. Hýsing á sauðfé og þar af leiðandi þrengsli auka hugsanlega smitáhættu. Þess vegna er þeim tilmælum beint til sauðfjárbænda að slátra þessu fé.

Varðandi flutninga úr réttum gilda sömu reglur og um flutning fjár í afrétt þ.e. ef notað er flutningstæki til að flytja fé frá fleiri en einum bæ skal þrifa flutningstækið milli bæja.

Í lok rétta eru sauðfjárbændur hvattir til að yfirfara fjárhópin í dilknum áður en rekið er heim úr réttunum, því alltaf er eitthvað um að ókunnugt fé slæðist inn í dilkinn.

Að gefnu tilefni er, á meðan þetta ótrygga ástand varir stranglega bannað að fara með úrgangshey og dreyfa því í afréttinn.

Landbúnaðarnefnd og Héraðsdýralæknir.